

Fundargerð

Miðvikudaginn 10. október 2012 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 14.00 á skrifstofu félags- og skólaþjónustu á Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Ágúst Þór Bragason, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson og Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Undirbúningur fjárhagsáætlunar

a) Félags og skólaþjónusta

Félagsmálastjóri fór yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar félagsþjónustunnar en gerð áætlunarinnar er rétt að hefjast. Ákveðið að miða hækkun rekstrarliða við 4,5% í fjárhagsáætlun 2013.

b) Málefni fatlaðra

Fyrir fundinum lá samantekt um áætlun vegna málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra sem samþykkt hafði verið af þjónustuhóp. Samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir að framlag til A-Hún verði 65.130.196 kr. Í greinargerð með áætluninni kemur fram að almennir rekstrarliðir taki 4,5% breytingu en 94% heildarkostnaðar reksturs eru launakostnaður og 6% er annar rekstrarkostnaður.

Ákveðið að stefna að því að leggja tillögu að fjárhagsáætlun fram fyrir næstu mánaðarmót.

2. Hnitbjörg – endurbætur í kjallara

Fyrir fundinum lá uppdráttur frá Form - arkitektastofu af breytingum á fyrirkomulagi í kjallara Hnitbjarga. Einnig lá fyrir áætlun um kostnað við endurbæturnar sem nema rúmum 20 milljónum miðað við þá breytingu sem sett er fram á teikningum.

Málið var rætt og samþykkt samhljóða að fela Magnúsi B. að hefja viðræður við Blönduósbæ um framkvæmd verksins og útfærslu þess og hins vegar að kanna möguleika á fjármögnun.

3. Staða og horfur:

Félagsmálastjóri fór yfir starfsmannamál þar sem nú vantar starfsmann vegna fæðingarorlofs ofl. Nokkrir möguleikar eru í stöðunni en ekki hefur komið fram nein bein lausn.

Stjórn fór yfir aðalbók og samanburð við fjárhagsáætlun. Ekki voru gerðar beinar athugasemdir en nokkur mál sem þarf að fara betur yfir og greina í bókhaldi.

Rætt var um akstur aðstandenda með vistmenn á Sæborg. Magnúsi B. falið að vinna áfram með málið í samráði við forstöðumann.

Fyrir fundinum lá bréf frá forstjóra HSB dags. 13.03.2012 þar sem sagt er upp þjónustu við símsvörun fyrir Félags og skólaþjónustu A-Hún frá og með 31. október nk. Rætt var um að koma upp sjálfstæðu símkerfi fyrir reksturinn. Félagsmálastjóra og Magnúsi falið að vinna áfram með málið.

4. Barnaverndarmál

Fyrir fundinum lá samantekt um sameiginlega barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra sem hefur verið undirbúin af stjórn SSNV. Í þeim gögnum sem lágu fyrir kom fram að stefnt er að

15



Félags- og skólabjónusta A- Hún

sameiginlegri barnaverndarnefnd fyrir allt starfssvæði SSNV á árinu 2013. Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög á starfssvæðinu sameinist um barnaverndarnefnd en hvert sveitarfélag greiði kostnað vegna úrlausna eftir lögheimilum og að Félags og skólabjónusta A-Hún hafi eftir sem áður umsjón með úrlausnum sinna aðildarsveitarfélaga. Breyting gagnvart sveitarfélögum í A-Hún sé því fyrst og fremst að hin formlega barnaverndarnefnd verði sameiginleg með öðrum á starfssvæði SSNV en félagsmálastjóri hafi framkvæmd úrlausna með höndum.

Umræður urðu um fyrirbyggjandi gögn og þá breytingu sem af fyrrgreindu leiðir en ekki gerðar sérstakar ályktanir.

5. Reglur um heimaþjónustu


Fyrir fundinum lágu drög að reglum um félagslega heimaþjónustu sem lágu fyrir fundi stjórnar 7. júní sl. Félagsmálastjóri greindi frá því að reglurnar hafi verið teknar fyrir í félagsmálaráði sem leggi til að þær verði samþykktar.


Stjórn samþykkti reglurnar.

6. Önnur mál


Ekki voru tekin fyrir önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.30


Magnús Sigurðsson,

Ágúst Þór Bragason,


Vignir Sveinsson,




Magnús B. Jónsson

Auður H. Sigurðardóttir

